




Argangur Winnipeg, 9. Apríl, 1918 Númer 9

HESTAVÍSUR.



Einhver kemur utan að og ætlar heim í tún; það mun vera hann litli Lalli, á honum lata Brún.

Skjóni hraður skundar frón, Skjóni veður laxa lón, Skjóni kemur skamt fyrir nón, Skjóni ber hann litla Jón.

Fallega Skjóni fótinn ber framan eftir hlöðnum; af göðum var hann gefinn mér, gaman er að ríða' honum.

hann innritaðist í 222. herdeildina 11. jan. 1916 og fór austur um haf 1. nóvember 1917. Hann er nú á Frakklandi með 1st. C.M.R. og er einkennistala hans 291567. Systir hans er kona Friðriks Wathnes á Íslandi.



Fríðrik Albert Wathne

er fæddur 31. október 1892 á Faskrúðsfirði á Íslandi. Hann er sonur þeirra Friðriks Wathnes og Elizabethar Þorsteinsdóttur, systur, Kai s. Friðrik fluttist vestur um haf árið 1911. Hann innritaðist í janúar 1916 í 108. herdeildina og átti þá heima í Kandahar í Sask. Var hann í fallbyssudeildinni og skipaði þar flokksstjóra stöðu; fór til Frakklands, en varð fyrir gasi og er nú á Englandi.

Fríðrik er fríður maður sýnum eins og hann á kyn til, og þrúðmenni í framkomu. Aritan hans er Sargent Fr. Albert Wathne, No. 721752 Seaford, Sussex, England.

BITAR

Heyrst hefir að einn rammur afturhalds íslenzkur póstmestari hér í fylkinu hafi í hötnum að segja af sér starfinu ef "Voröld" haldi áfram að koma á veit.

pósthúsið. Ekki vantar frjálshyðis.!!!

Borist hefir oss til eyrna að sumir af frjálshyðnu mönnum! segi að "Voröld" sé aðeins vesell leppur katolskna kirkjunnar.

Hvað nafn? Spyr sá sem ekki

Þórður Þorsteinsson
Jónas Björnsson
Agúst Sedal
W. C. Christopherson
Björgólfur Sveinsson
E. Olafsson
S. Guðbrandsson
Sæmundur Arnason
Björgvin ísberg

Vegna þess hve timinn var naumur fór ritstjóri Voralðar aðeins um nokkurn hluta bygðarinnar, en eins og sjá má voru hlutir keyptir á sjó heimilum af hverjum átta sem hann heim-sótti og sumir keyptu marga hluti. Eru þetta svo drengilegar vístökur og almennar að teplega varð á betra koslið.

Ritstjóri Voralðar helt fund á þremur stöðum: Glenboro, Brú og Baldur, til þess að skýra ýms málafni í sambandi við fæðingu blaðsins og var áskógn áget á öllum stöðum.

Gestrisni og vístökur í bygðinni yfir höfuð voru eins hóflegar og mest mátti verða, en mestum tíma eyddu þeir þar í þarfir blaðsins Stephan Johnson og Agúst Sedal, sem fóru með ritstjórnann um byggðina dag eftir dag endurgjaldslaut.

Stjórn blaðsins finnur sér skylt að votta Argylebúum sérstakt þakklæti fyrir það orlæti sem þeir hafa sýnt, og þann stuðning sem blaðið hefir hlotið hjá þeim í öllum efnum.

Sorgarheimili.

Kona Þorsteins Jónssonar á Hólmi í Argylebygð andaðist á páskaðaginn, eftir fárra daga legu. Þremur dögum síðar andaðist einnig Sigurbjörg, elsta dóttir hans. Þær létust báðar úr lungnabólgu. Són B. B. Jónsson og séra Fr. Hallgrímsson jarðsöngu þær. Þeirra mægna verður nánar minnst síðar.



BA. 9. apríl, 1918.

NÚMÉR 9

Segir af sér.

Maður sem W. F. O'Connor hefir var einn þeirra sem sjá átti um sparnað og matvæli. Hann hafði látið halda hverja rannsóknina á fætur annari í málum þar sem það kom fram að auðfélög höfðu hrugað saman ógrynni af matvælum og sett þau með okkurverði.

O'Connor hélt því fram að glepsamleg aðferð hefði verið sönnuð á hendur félögum og vildi láta hegna þeim, en stjórnin lét það afskiftalaust. Nú hefir þessi O'Connor sagt af sér embættinu og er sú ástæða talin fyrir því að hann hafi ekki fengið því frámengt að auðfélögunum væri hegnt fyrir glepi þeirra.

Mótmæli Verkamanna.

Verkamenn í Winnipeg héldu fund í vikunni sem leið. Þar voru samþykkt mótmæli gegn því að herskylda menn til vinnu. Það hafði komið til orða að menn væru teknir með herskyldu til þess að vinna fyrir sama kaup og hermenn fá. Þetta kváðu verkamenn ósanngjarnt. Þeir héldu því fram að slíkt kæmi í bága við einstaklingsfrelsi og auk þess yrði kaupið ekki réttlæga borið saman við mála hermanna þar sem hæði væri veitt fé auk málsins úr þjóðrekni-sjóði, raðakrosssjóði og fleiru. "Ef verkamönnum eru látin í té fót og annar útbúnaður eins og hermenn fá; ef fjölskyldur þeirra fá ákveðið tillag auk kaupsins; ef heimilin fá ákveðna fjárupphæð fyrir hvert barn úr þjóðrekni-sjóði og ýmislegt fleira sem hermanna fjölskyldur eiga að njóta, þá höfum við ekki á móti herskyldu í þessu formi." Þannig farast sumum verkamönnum orð, og það virðist hafa við talsverð rök að styðjast.

Annað atriði var það sem verkamenn mótmæltu einnig. Nefnd hafði verið skipuð af stjórninni til þess að ákveða um lágmark kaupgjalds og höfðu í þá nefnd verið valdir þeir einir sem líklegir voru til þess að vera verkamönnum andstæðir, en verkamennirnir sjálfir voru í því tilliti fyrirliðir. Þessu mótmæltu þeir einnig og krefjast þess að nefndinni sé breytt.

Skálfurinn sleppur.

Rannsókn fór fram nýlega í Winnipeg þar sem það sannaðist að Davis félagið hafði safnað matvælum og geymt þau svo ár-skipti í þv skyni að geta selt þau síðar fyrir klurverð. Meira að segja kom það fram að fjögur hafði neitað sjúkrahúsinu um þessa fæðu fyrir sanngjarnt verð—neitað að selja nauðsynjavörur fyrir veika hermenn og aðra. Og mest af þessum vist-um úlnaði og rotnaði í vöruhúsum félagsins og var loksins flutt út í haug og brent, á meðan fjöldi folks hálfvalt og stórbírf var á vistum handa hermönnum vorum. Nú er málið rannsakað og glep-urinn sannaður; nú er eftir að vita hvað dómsmáladæildin gjörir. Ef hún getur skyldu sinnar þá lætur hún dema seka og hegna þeim.

Branston Violet-Ray Generators

Skrifið eftir bæklingi "B" og verðlista.
Lush-Burke Electric Ltd.
315 Donald St. Phone Main 5009
Winnipeg

"Gestur"

Það er nafn á einu skáldinu á Íslandi sem talsvert hefir ort í seinni tíð og mjög einkennilega. Þessi "Gestur" er einn hinna æstu embættismanna landsins og frábæra fjölhafur. Ljós hans eru þrungen af viti og heitum tilfinningum.

"Gestur" yrkir undir einkennilegu rími; stuðlar og hófuðstafir settir á annan hátt en venjulega tókast; reglan er sú að tveir séu stuðlar í hverju stöku visuorði og einn hófuðstafur í hverju jöfnu, en visuorð er sama sem ljóðlina, sem í daglegu tali er oft ranglega nefnd hending. "Gestur" yrkir oft þannig að hann hefir ýmist einn stuðul í hverju visuorði—jöfnu og stöku—en engan hófuðstaf eða einn hófuðstaf í hverju visuorði, jöfnu og stöku. Þannig er því varið í þýðingu hans eftir Longfellow sem hér birtist. Þó er þetta ekki fyrir þá sök að "Gesti" sé ágreitt um rim; hann getur kveðið eins dýrar visur og þær sem dýrastar hafa verið kveðnar á tungu vorri.

Áðalsteinn Kristjánsson er nýkominn að heiman; flutti kveðu frá "Gesti" til ritstjóra Voralðar og sendi "Gestur" honum visu þá er hér birtist og þýðingu kvæðisins "Dagur er liðinn" eftir Longfellow.

1-9-1-8

Lýðir ganga á glóðum,
gnestur fold og brestur.
Kveðu greppum göðum
gestur sendir vestur.

Dagur er liðinn.

(Longfellow)

Dagur er liðinn, og dimman
drúpur af vængjum á nótt,
sem fjöður fyrir arnsög,
ef örninn ber yfir skjótt.

Sé ljós úr þorpinu þarna
þokuregninu í,
finn leggja' um mig leiðinda seiting
—get ekki gert að þv.:

Seiting af leiða og löngun,
sem leggur ekki í gegn,
og það eitt á skylt við mæðu,
sem þokan á skylt við regn.

Æ, findu nú, fyrir mig kvæði,
svo eg fái við ljúfan brag
hægt þennan leiða seiting
og losnað við daginn í dag.

Ekki' eftir fornskáldin fragu,
sem hófu' upp svo hálflegan söng
að óminn ber enn úr fjarska
um aldanna löngu göng.

Því jötungangurinn þeirra,
—sem jöreið yfir hjarn
minnir á krappar kröggur;
en í kveld er eg værugjarn.

Finn skáld, sem kvað lægra, svo ljós hans
þau liðu hjartanu frá,
eins og skúr úr sumarskjýjum,
eða skínandi tár af brá;

Sem átti erfiða daga,
og fann ekki nátturfríð,
en heyrði þó undrasöngva
í huga sér kveða við.

Þá hljóma stenst áhyggjan ekki,
þeir vægja' þennar víðbrögð hört,
og lísa' yfir líkt og blessun
að lokinni bænagjört.

Og lestu' í því kosta-kveri
þitt eigið upphálds ljós,
og fæðu þeim orðum skáldsins
þín fagurskerustu hljóð.

Og nóttin skal öll taka undir,
og áhyggjur dagsins við þás
eins og reifarar reka' af sér tjöldin
og rjúka í obfoði af stað.

Gestur.